

Rannsókn á ætluðu misferli, sem er til meðferðar hjá RLR — málinu nr. 106/1984, er ólokið. Vegna hinna miklu réttarhagsmuna, sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt framanrituðu og með vísun til fyrirbyggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir einnig vera fullnægt, enda nauðsynlegt að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t :

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 13 verðtryggð veðskuldabréf í þágu rannsóknar málsins.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986.

Nr. 78/1984. **Jóhanna Heiðdal**

Anna Heiðdal og

María Waltersdóttir

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Jóhanni Þóri Jónssyni

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1984. Aðallega krefjast þær sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þær að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður. Þá hefur áfrýjandinn, Anna Heiðdal, með stefnu 15. maí 1984 skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 8. mars 1984 á grundvelli hins áfrýjaða héraðsdóms með þeirri kröfu-

gerð, að fjárnáminu verði hrundið og henni tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað héraðsdómnum með stefnu 4. júní 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 og fjárnámsgerðinni með stefnu 4. júní s.á. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að höfuðstóll kröfunnar verði 720.000,00 krónur með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. ágúst 1984, með 2,67% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. maí 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstrétti úr hendi stefndu in solidum miðað við höfuðstól og vexti á uppsagnardögum dómanna. Þá er og krafist staðfestingar á hinn áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir dæmdum fjárhæðum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af dómsrannsókn í saka-dómsmálinu: Ákærvaldið gegn Jóhanni Þóri Jónssyni, en í því er m.a. fjallað um skuldabréf þau, er mál þetta er sprottið af. Þar er að finna yfirlit, sem gagnáfrýjandi hefur lagt fyrir sakadóminn yfir skuldir aðaláfrýjandans, Jóhönnu Heiðdal, við sig í september 1983. Nemur skuld hennar samkvæmt yfirlitinu 720.103,60 krónum. Ekki hafa komið fram hér í dóminum gögn til stuðnings yfirliti þessu. Verður að skjali þessu vikið síðar.

Skuldabréfum þeim sem mál þetta er risið af er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í texta þeirra er ákvæði um að mál út af þeim megi reka samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 og var svo gert í héraðsdómi.

Í kærnu aðaláfrýjanda, Jóhönnu Heiðdal, til Rannsóknarlögreglu ríkisins segir svo: „Bréf þessi gaf ég út í því skyni að fá nefndan Jóhann Þóri, til að annast sölu þeirra, í þeim tilgangi að greiða

honum skuldir mínar við hann, sem og skyldi hann afhenda mér skuldaskil þ.e. víxla samþ. af mér o.fl. og afhenda eftirstöðvar söluverðs bréfanna til mín.“ Skýringar gagnáfrýjanda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa verið nokkuð á reiki um rétt hans til bréfanna. Hann hefur borið að hann hafi tekið bréfin til að athuga möguleika á að „gera þau að peningum“. Öðru sinni kvaðst hann eiga bréfin en féll síðar frá þeirri staðhæfingu og taldi sig þá hafa haldsrétt í þeim. Í kvittun fyrir viðtöku þeirra segist hann hafa mótttekið þau „til athugunar“. Þykir því eiga að leggja skýrslu Jóhönnu Heiðdal um þetta efni til grundvallar í málinu. Þá ber og að miða við þá staðhæfingu hennar að við afhendingu hafi bréfin hvorki verið gefin út á nafn né til handhafa.

Af gögnum málsins kemur fram að Jóhanna Heiðdal og gagnáfrýjandi hafa átt saman einhver fjármálaviðskipti, þótt ekki verði af þeim ráðið hvernig þau viðskipti stóðu er gagnáfrýjandi fékk skuldabréfin í hendur. Í upplýsingaskýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins 4. ágúst 1983 er skuld Jóhönnu við gagnáfrýjanda talin 437.999,00 krónur auk vaxta og kostnaðar. Þessu uppgjöri hefur hann mótmælt. Hann hefur lagt fram yfirlit yfir skuldastöðu Jóhönnu við sig í september 1983, sem sýnir skuld að fjárhæð 720.103,60 krónur. Í því uppgjöri eru Jóhönnu m.a. taldir til skuldar tveir 100.000,00 króna víxlar með gjalddaga 25. apríl 1983 að viðbættum dráttarvöxtum af þeim frá gjalddaga til 25. september 1983 50.000,00 krónur. Hinum umdeildu skuldabréfum er haldið utan við þessi uppgjör. Við málflutning fyrir Hæstarétti mótmælti umboðsmaður Jóhönnu Heiðdal þessu uppgjöri gagnáfrýjanda.

Þótt fallist yrði á að gagnáfrýjanda hafi verið heimilt að skrá sig eiganda að skuldabréfunum að því marki, sem hann greiddi skuldir Jóhönnu, er eigi sannað að uppgjör yfir þær hafi hann lagt fram fyrr en í sakadómi Reykjavíkur 11. mars 1985. Eigi hefur hann heldur sérgreint þann hluta skuldabréfanna er hann kann að eiga með réttu og verður skuldayfirlit hans frá í september 1983 ekki lagt til grundvallar í því efni. Að öðru leyti var Jóhanna eigandi skuldabréfanna og brast gagnáfrýjanda heimild til að skrá sig sem eiganda þeirra. Því mátti hann ekki ganga að henni um greiðslu þeirra svo sem hann gerði í máli þessu.

Ólíklegt þykir að til þess hafi verið ætlast að hin prentuðu ákvæði

í skuldabréfaeyðublöðunum um málssókn eftir reglum XVII. kafla laga nr. 85/1936 hafi átt að taka til málssóknar af hendi gagnáfrýjanda án tillits til þess hvort hann gerði jafnframt fulla grein fyrir þeim fjárkröfum á hendur Jóhönnu sem hann taldi eignarrétt sinn yfir bréfunum helgast af. Ekki eru komin fram af hendi gagnáfrýjanda nægileg gögn um skuldagreiðslur hans fyrir hana. Skýrslur hans sjálfs um rétt hans til bréfanna eru á reiki, þar á meðal um það hvort hann hafi ráðstafað bréfunum til þriðja aðilja, annaðhvort til eignar eða til tryggingar, þannig að sá aðili sé nú réttur handhafi þeirra. Þegar þetta er virt þykir svo mikið bresta á glöggan málalítilbúnað af hendi gagnáfrýjanda að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu ex officio frá bæjarþinginu og fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti er þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru ómerkt og er málinu vísað frá héraðsdómi ex officio.

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi, Jóhann Þórir Jónsson, greiði aðaláfrýjendum, Jóhönnu Heiðdal, Önnu Heiðdal og Mariu Waltersdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 50.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jóhanni Þóri Jónssyni, nnr. 4980-0150, Meistaravöllum 5, Reykjavík, gegn Jóhönnu Heiðdal, nnr. 5026-5846, Mariubakka 8, Reykjavík, Önnu Heiðdal, nnr. 0339-0098, Bláskógum 4, Reykjavík og Maríu G. Waltersdóttur, nnr. 6459-6063, Asparfelli 10, Reykjavík, með áskorunarstefnu birtri 26. og 30. nóvember 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.155.066,00 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní til 21. október 1983, en með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi

til greiðsludags, svo og til greiðslu alls málskostnaðar samkvæmt lágmarks-gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda, en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Máli þessu var vikið til venjulegrar málsmeðferðar undir rekstri málsins. Sáttaumleitan dómara hefur ekki borið árangur.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að um sé að ræða skuld samkvæmt 20 skuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 50.000,00, útgefnunum í Reykjavík af stefndu Jóhönnu Heiðdal þann 22. apríl 1983 en með sjálfskuldarábyrgð stefndu Önnu Heiðdal og Maríu G. Waltersdóttur og hafi gjalddagi allra bréfanna verið 1. júní 1983. Ekki hafi verið greitt á gjalddaga eða síðar og sé því öll fjárhæð bréfanna í gjalddaga fallin samkvæmt ákvæðum þeirra sjálfra. Málsókn þessi sé því nauðsynleg. Öll hafi bréfin verið vísitölubundin samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 569 en 1. júní 1983 hafi lánskjaravísitalan verið 656 og hafði því hækkað um 87 stig eða 15,29%. Auk þess skyldi fjárhæðin bera 2% ársvexti þ.e. höfuðstóll skuldarinnar hafi verið kr. 1.155.066 þann 1. júní 1983 og hafði því hækkað um kr. 155. 066,00.

Stefnandi vísar til laga nr. 97/1978 máli sínu til stuðnings.

Af hálfu stefndu, Jóhönnu Heiðdal, er málavöxtum þannig lýst að hún hafi afhent stefnanda skuldabréfin 20 til sölumeðferðar. Bréf þessi hafi eigi verið gefin út á nafn er afhending þeirra átti sér stað og hafi þau því eigi verið í samræmi við 39. gr. laga nr. 13/1979. Svo sem fram komi á dskj. nr. 24 hafi stefnda Jóhanna gefið bréf þessi út í þeim tilgangi m.a. að greiða stefnanda skuldir við hann og skyldi stefnandi afhenda stefndu eftirstöðvar bréfanna. Eftir móttöku bréfanna hafi stefnandi hvorki afhent stefndu þau aftur né heldur gert nokkur fullnaðarskil eða útlistun á ráðstöfun bréfanna. Rannsókn, sem fram hafi farið vegna meintrar ólöglegrar meðferðar og ráðstöfunar stefnanda á greindum skuldabréfum, hafi leitt í ljós að hann hafi ráðstafað strax ólöglega bréfunum til Jóns Hjaltasonar, Melabraut 59, Seltjarnarnesi. Í kjölfar þessarar rannsóknar hafi nú nýverið verið gefin út ákæra á hendur stefnanda m.a. vegna meintra fjárdráttarbrota hans í tengslum við greind skuldabréf.

Stefnda Jóhanna byggir aðalkröfu sína um sýknu í málinu á þeim grundvelli að um fölsun sé að ræða samkvæmt c-lið 208. gr. eml. nr. 85/1936. Af hálfu stefndu er fullyrt að er hún hafi afhent stefnanda máls þessa umgetin skuldabréf hafi bréfin ekki borið með sér neinn kröfuhafa, þ.e.a.s. óútfyllt hafi verið sú lína í skjölunum þar sem standi „viðurkenni hér með

að skulda“ . Virðist því sem stefnandi hafi einhvern tíma eftir afhendingu skuldabréfanna vélritað nafn sitt og heimilisfang í línu þessa. Telur stefnda að með þessu hafi stefnandi breytt efni skuldabréfanna að verulegu leyti svo telja verði að jafnist á við fölsun á innihaldi skjalanna, breytingu er gerð hafi verið án samþykkis, vitundar eða með tilkynningu til skuldara og sjálfskuldarábyrgðarmanna hennar, stefndu Önnu Heiðdal og Maríu G. Waltersdóttur. Telur stefnda Jóhanna og að niðurlagsorð 10. og 17. gr. vixillaga nr. 93/1933 heimili henni að koma fram með varnir í innheimtu-máli þessu.

Varakröfu sína byggir stefnda Jóhanna á því að í máli þessu sé stefnandi að krefjast greiðslu á allri skuldinni samkvæmt skuldabréfunum á dskj. nr. 3-22, þ.e. höfuðstól, auk verðbóta, vaxta og dráttarvaxta, eins og það væri hin raunréttta skuld stefndu við stefnanda, þrátt fyrir fulla vitneskju stefnanda um það að stefnda Jóhanna skuldi mun minni fjárhæð til hans en efni bréfanna gefi tilefni til. Stefnandi hafi engin fullnaðarskil gert til stefndu á ráðstöfun þess er hann hafi móttekið þann 24. apríl 1983 og sé því haldið fram af stefndu að hin raunverulega skuld hennar við stefnanda sé mun lægri en stefnukröfur máls þessa.

Af hálfu stefndu Önnu Heiðdal og Maríu G. Waltersdóttur er tekið fram varðandi málavexti að í aprílmánuði 1983 hafi stefnda Jóhanna leitað til þeirra og beðið þær um að skrifa uppá skuldabréf þau sem um ræði í máli þessu. Þegar stefndu höfðu ritað nöfn sín á skuldabréfin, dskj. nr. 3-22, sem eru lánskjaravísitölutryggð, hafi verið óútfyllt sú lína sem geri ráð fyrir kröfuhafa bréfanna. Síðar hafi átt sér stað sú breyting á bréfum þessum að inná þau sé ritað nafn stefnanda máls þessa, Jóhanns Þóris Jónssonar.

Stefndu Anna og María byggja sýknukröfu sína á því að sú breyting, sem orðið hafi á bréfunum er nafn stefnanda hafi verið ritað inná þau, sé síðari tíma breyting og algerlega án samþykkis stefndu. Umrædd skuldabréf séu verðtryggð og samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979 sé óheimilt að slík bréf séu gefin út sem handhafabréf, þ.e. bréfin verði að vera stíluð á ákveðið nafn. Þar sem svo hafi eigi verið séu bréfin því ómerk og skapi engan rétt nema því aðeins að leitað hafi verið eftir samþykki stefndu til breytinga á því. Eftir slíku samþykki hafi eigi verið leitað, hvorki af hálfu Jóhönnu Heiðdal, stefndu í máli þessu, né stefnanda málsins. Á meðan slík breyting á bréfunum hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefndu verði ekki talið að til ábyrgðar hafi stofnast á hendur þeim.

Varðandi sýknukröfu sína að öðru leyti vísa stefndu Anna og María til greinargerðar meðstefndu Jóhönnu um þar framsettar málsástæður.

Varakröfu sína um lækkun stefnukrafna byggja stefndu, Anna og María, á sömu rökum og fram hafa verið sett í því efni af hálfu meðstefndu, Jóhönnu Heiðdal.

III.

Skuldabréf þau, sem mál þetta er risið af, hafa verið lögð fram í málinu. Samkvæmt ákvæðum bréfanna sjálfra má reka mál út af þeim fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 85/1936. Hefur málið og verið sótt og varið fyrir dóminum á grundvelli þeirrar málsmeðferðar.

Greind skuldabréf eru 20 talsins, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00 eða samtals að nafnverði kr. 1.000.000,00 og eru þau öll útgefin af stefndu, Jóhönnu Heiðdal, hinn 22. apríl 1983. Eru bréf þessi bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 569. Bréfin eru með sjálfskuldarábyrgð stefndu Önnu Heiðdal og Maríu G. Waltersdóttur. Nafngreindur kröfuhafi bréfanna er stefnandi Jóhann Þórir Jónsson.

Svo sem rakið hefur verið byggja stefndu sýknukröfu sína í málinu á því að stefnandi hafi heimildarlaust skráð nafn sitt sem kröfuhafa skuldabréfanna og jafngildi það fölsun á innihaldi skjalanna í skilningi 208. gr. eml.

Stefnandi hefur mótmælt því að varnir stefndu komist að í málinu.

Skuldabréf þessi, sem hafa að geyma ákvæði um verðtryggingu, bar að skrá á nafn samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 13/1979. Með nafnskráningu stefnanda á bréfin var það skilyrði greindra laga uppfyllt í raun. Ekki þykir unnt að fallast á það sjónarmið stefndu að nafnskráning stefnanda að þessu leyti jafngildi fölsun á innihaldi skjalanna, sú málsástæða lýtur að heimildarskort og verður ekki gegn mótmælum stefnanda komið að sem vörn í máli þessu samkvæmt 208. gr. eml. nr. 85/1936.

Varakrafa stefndu um lækkun stefnukrafna er varnarástæða sem ekki verður heldur gegn andmælum stefnanda komið að í málinu samkvæmt ákvæðum 208. gr. eml. Í greindum skuldabréfum eru ákvæði þess efnis, að verði ekki staðið í skilum með greiðslu vaxta og afborgana á réttum gjalddögum, þá sé heimilt að fella alla skuldina í eindaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Fyrsti gjalddagi allra bréfanna var 1. júní 1983. Af stefnanda hálfu er á því byggt, að engin greiðsla hafi farið fram af bréfunum, hvorki á gjalddaga né síðar. Skuldabréfin bera ekki með sér að af þeim hafi verið greitt og því er heldur ekki haldið fram af hálfu stefndu. Kröfugerð stefnanda samrýmist ákvæðum bréfanna um verðtryggingu og vexti og þar sem ekki hafa komið fram sérstök mótmæli varðandi kröfugerðina reikningslega ber að leggja hana til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að taka ber stefnukröfurnar til greina og dæma stefndu til að greiða stefnanda kr. 1.155.066,00 með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21.

desember 1983, en frá þeim degi ber að reikna 3,25% dráttarvexti á mánuði til 21. janúar 1984, en frá þeim degi reiknast 2,5% dráttarvextir á mánuði til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 60.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóhanna Heiðdal, Anna Heiðdal og María G. Waltersdóttir, greiði stefnanda, Jóhanni Þóri Jónssyni, kr. 1.155,066,00 með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986

Nr. 61/1984. **Jón Bjarni Þórðarson**

(Sigurður H. Guðjónsson hdl.)

gegn

Reykjavíkurborg og

(Gunnar Eydal hdl.)

Grétari Bernódussyni

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Stjórnsýsla. Samningar. Fasteignir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.